

Föstudaginn 18. október 1991.

Nr. 413/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. október sl., sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur, með vísan til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 15. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Varnaraðili er nefndur Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson í hinum kærða úrskurði, en heitir samkvæmt vegabréfi sínu, útgefnu í Namibíu, Torbjörnen Gunnasson.

Ekki hefur nægilega verið sýnt fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins og að ekki séu aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar til að tryggja návist hans. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálaskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun í þessum þætti málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálaskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 16. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Þorbirni Gunnarssyni, fæddum 3. september 1965, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Málavextir eru eftirfarandi:

RLR hefur að undanförnu haft til meðferðar kærur frá fyrirtækinu Kristu sf. og Hótel Holti á hendur kærða, Þorbirni Gunnarssyni, fyrir það annars vegar að hafa fengið afhentar vörur frá fyrirtækinu Kristu sf., að verðmæti 426.671 kr., sem kærði á að hafa lofað að greiða, en ekki virðist sem hann hafi haft fyrirsjáanlega möguleika á að endurgreiða verðmæti þeirra. Þá hefur fyrirtækinu tekist að endurheimta vörur frá kærða, að verðmæti 329.239 kr. Þá hefur kærði verið grunaður um að hafa villt á sér heimildir gagnvart forráðamönnum Kristu sf. í viðskiptum aðila. Einnig hefur komið fram kæra á hendur kærða fyrir það að hafa tekið á leigu herbergi á Hótel Holti dagana 19. september til 11. október sl. og þegið þar þjónustu sem hótelgestur, en er hann hvarf þaðan, átti hann ógreiddan reikning fyrir hótelkostnaði, að fjárhæð 214.823 kr. Er RLR handtók kærða 15. október sl., var hann skráður sem hótelgestur á Hótel Íslandi.

Við yfirheyrslur hjá RLR og einnig fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa mótttekið varning frá fyrirtækinu Kristu sf., að verðmæti rúmlega 400.000 kr., en hann kveður sig hafa haft gjaldfrest á vörum þessum í um 90 daga. Þá hefur kærði einnig staðfest fyrir dómi að hafa dvalist sem hótelgestur að Hótel Holti og að ekki hafi komið greiðsla fyrir þá veru hans þar, en hann kveðst þó á dvalartímanum hafa boðið fram greiðslu, er ekki hafi verið móttækin.

Rannsókn stendur enn yfir á viðskiptum kærða og fyrirtækisins Kristu sf., og enn er eftir að yfirheyra aðila vegna þeirra viðskipta til að staðreyna, hvort um refsiverða háttsemi hafi verið að ræða. Einnig er á frumstigi rannsókn vegna ætlaðs brots kærða með því að hafa dvalist sem hótelgestur á Hótel-Holti án þess að greiða fyrir dvöl sína þar. Ljóst er, að um veruleg verðmæti er að ræða, er kærði hefur mótttekið, án þess að fyrirsjáanlegt sé, að hann hafi haft möguleika á að greiða fyrir þau verðmæti, og er kærði því undir rökstuddum grun um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Brot gegn nefndum kafla almennra hegningarlaga geta varðað fangelsisrefsingu.

Með hliðsjón af því, er hér að framan er rakið, er ljóst, að veruleg hættu er á því, að kærði hafi áhrif á rannsókn málsins, haldi hann óskertu

frelsi sínu. Með vísan til alls þessa þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. október nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. október 1991 kl. 16.00.
